

94

AUGLÝSING

16. júní

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. des. 1943.

Aftan við 3. gr. gjaldskrárinnar bætist tvær málsgreinar, c. og d., svo hljóðandi:

- c. Af húsum, sem að dómi Hitaveitunnar eru hituð með öðrum hætti en íbúðarhús eða þar sem gera má ráð fyrir óeðlilega mikilli notkun vatns til baða, þvotta eða þ. h., skal ekki greiða neitt fast mánaðargjald, en vatnið skal eingöngu selt samkvæmt mæli og er verðið kr. 1.36 — ein króna þrjátíu og sex aurar — fyrir hvern rúmmetra vatns.
- d. Komi það í ljós hjá einstökum notendum, að hlutfallið milli fastagjalds og notkunar (sbr. lið a. og b.) í þrjá mánuði samfleytt að vetrinum, sé frábrugðið því, sem almennt gerist, svo að meiru nemi en 25%, má breyta fastagjaldinu til samræmis við notkunina. Breytingin nær þó ekki til fyrnefndra þriggja mánaða.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

95

AUGLÝSING

19. júní

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði, nr. 72 7. ág. 1930.

1. gr.

c-liður 2. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 12 á hádegis. Á sama tímabili má vera opið til kl. 19 á föstudögum.

2. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. samþykktarinnar í stað orðanna „kl. 7 síðdegis“ komi: kl. 18.

3. mgr. 4. gr. hljóði svo:

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka eigi síðar en kl. 12 á hádegis.

Í 4. mgr. 4. gr. í stað orðanna „kl. 10 árdegis til kl. 3 síðdegis“ komi: kl. 10 til 12 árdegis.

5. mgr. 4. gr. hljóði svo:

Á öðrum degi stórhátíða mega búðir þessar vera opnar frá kl. 10 til 12. árd.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.